

Sinfóníuhljómsveitin hélt 37 tónleika á 18 slöðum á landinu á liðnu starfs ári

FRÉTTAMENN voru í gær kvaddir á fund stjórnar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og þar skýrt frá starfi hennar á liðnu starfstímabili, eða frá 15. sept. til 15. júlí 1957. Starf hljómsveitarinnar fer ört vaxandi. Haldnir voru alls 37 sjálfstæðis tónleikar, þar af 20 í Reykjavík og er þar meðtalin óperan „Il Trovatore“ eftir Verdi, sem flutt var 7 sinnum í Austurbæjarbíói og einir háskólatónleikar. Utan Reykjavíkur voru haldnir tónleikar á 17 stöðum, en í fyrrasumar lék hljómsveitin einn íg á tveimur í viðbót. Hafnarfirði og Vestmannaeyjum og því leikið á 20 stöðum á einu ári.

Þeir staðir, sem hljómsveitin lék á utan Reykjavíkur á þessu starfsári eru: Akranes, Bifröst í Borgarfirði, Sauðárkrúkur Bólstaðarhlíð, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Akureyri, Freyvangur í Eyjafirði, Húsavík, Skjölbrekku í Mývatnssveit, Egilstöðum, Seyðisfirði Neskaupstað Eskifirði, Mánagarði í Hornafirði, Selfossi og Keflavík.

Á 7 þessara staða voru tónleikarnir haldnir í nýjum eða nýlegum félagsheimilum, sem nær undantekningarlaust bjóða hin ákjósanlegustu skilyrði til tónleikahalds.

SJÖ STJÓRNENDUR.

Sjö stjórnendur komu fram á sjálfstæðum tónleikum tónleikum hljómsveitarinnar, þar af fjórir erlendir gestir, þeir Warwick Braithwaite frá Englandi (8 tónleikar), Thor Johnson frá Bandaríkjunum (4 tónleikar), Olav Kjeland frá Norgei (4 tónleikar) og Dr. Věclav Smetáček frá Tékkóslóvakíu (2 tónleikar). Aðrir stjórnendur voru dr. Páll Ísólfsen (12 tónleikar), Paul Pampichler (6 tónleikar) og Björn Ólafsson (háskólatónleikar).

EINSÖNGVARAR OG EINLEIKARAR.

Meðal einsöngvara, sem fram hafa komið á þessum tónleikum, eru Blanche Thebom, Guðmunda Elíasdóttir, Hanna

Formaður Ungverjalandsnefndar Sp vill semja viðbótarskýrslu

KAUPMANNAHÖFN, föstudag, (NTB-RB). Formaður Ungverjalandsnefndar SP, Alsing Andersen þingmaður, skýrði frá því hér í dag, að hann hefði haft samband við aðra meðlimi nefndarinnar um skoðun þeirra á því að gera nýja Ungverjalandsskýrslu. Skýrslan, sem gefin var út fyrir mánuði hafði að geyma framburð 111 Ungverja um atburðina, er gerðust á landinu í fyrra haust.

Alsing Andersen skýrði frá því, að hann væri þeirrar skoðunar, að grundvöllur væri fyrir því að semja viðbótarskýrslu og gæti sú skýrsla m. a. gefið upplýsingar um réttarhöldin í Ungverjalandi upp á síðkastið.

Togarinn Ágúst fékk fullfermi á nýju veiðisvæði við A-Grænland

Kom í gær inn með 270 tonn eftir viku útivist.

TOGARINN ÁGÚST kom í gær inn með fullfermi karfa af Grænlandsmiðum. Hafði hann fengið 270 tonn á nýju veiðisvæði við Austur-Grænland. Á þessu svæði eru 6 togarar að veiðum og munu 2 aðrir þegar

Bjarnadóttir, Þuríður Pálsdóttir, Guðmundur Jónsson, Kristinn Hallsson, Magnús Jónsson og Þorsteinn Hannesson. Meðal Framh. á 7. síðu.

Arthur Miller fékk mánuð og 500 dala sekt

WASHINGTON, föstudag. Leikritahöfundurinn Arthur Miller var í dag dæmdur í mánaðar fangelsi og 500 dala sekt fyrir að hafa sýnt þinginu fyrirliðningu.



Þessa höggmynd hefur Sigurjón Ólafsson gert af Lúðvíki Guðmundssyni skólastjóra í tilefni sextugsafmælis hans.

Nemendur Lúðvígs Guðmundssonar efna til sýningar

Í TILEFNI sextugsafmælis Lúðvígs Guðmundssonar skólastjóra, efna yngri og eldri nemendur Handíða- og myndlistaskólans til myndarlegrar sýningar á myndlist og liðniðnaði í viðurkenningar- og þakarskýni fyrir brautryðjendastarf hans í þágu mennta á sviði almenns verknáms, listiðinðar og æðri myndlista hér á landi. Sýningin verður opnuð í dag kl. 2,30 og verður annars opin frá 5—10 síðd. daglega til 21. þ. m. Hún er haldin í húsakynnum skólans, Skipholti 1.

Lúðvík Guðmundsson stofnaði Handíða- og myndlistaskólann haustið 1939 og hefur stýrt honum síðan af dugnaði, hugkvæmni og hagsýni. Í „Ávarpi“ skólanefndar 1952 er starfi skólans lýst svo:

„Enginn, er til þekkir, gengur þess dulinn, að með og vegna stofnunar Handíða- og myndlistaskólans haustið 1939 hefur afstaða og aðstaða almennings til verknáms og listnáms gjörbreytt og batnað að mun.

Með skólanum og starfi hans síðar var komið á innlendri sérmenntun kennara í smíði, teikun og handavinnu kvenna. Opnaðir voru möguleikar fyrir almenning, konur sem karla, börn og fullorðna, til náms og tómstundastarfa í fjölmörgum

Framhald á 3. síðu.

Alþýðublaðið

Laugardagur 20. júlí 1957

Franska stjórnin fékk traust með naumum meirihluta, 280 með, 183 á móti, um 130 sátu hjá

Talsmenn stjórnarinnar segja nauðsynlegt að verja alsírsku verkamenn í Frakklandi, sem fé sé pín út úr. 73 þeirra hafa verið drepnir í París s. l. 6 mánuði

STJÖRN Bourges-Maunourys fékk í dag traustsyfirlýsingu hjá þinginu út á stefnu sína í Algier-málinu. Greiddu 280 henni atkvæði en 183 voru á móti. Þingið samþykkti með fyrrgreindum atkvæðum lagafrumvarp stjórnarinnar um aukin völd til að taka í taumana í Frakklandi sjálfu gegn alsírskum uppreisnarmönnum. 29 fulltrúar sátu hjá.

Lög þessi veita lögreglunni leyfi til að halda í fangelsi um óákveðinn tíma hverjum þeim Algierbúa, er gerist sekur um tiltekin afbrot, svo sem vörzlu ólöglegra vopna, endurvakningu félaga, er ólögleg eru, og starfsemi, er stofna öryggi ríkisins í hættu. Ennfremur veita lögin yfirvöldunum leyfi til að setja á stofn fangabúðir og gera húsrannsókn að nóttu til á einkaheimilum.

Við umræðurnar um málið sagði Georges Bidault, fyrrverandi utanríkisráðherra, að

samskonar hermdarverkaöld, sem ríkt hefur í Algier, muni brjótast út í París, ef ekki væri gerðar ákveðnar ráðstafanir. — Kommúnistar og nokkrir þingmenn aðrir héldu því fram, að hin sérstöku völd mundu, ef þau væru samþykkt, geta lagt grundvöllinn að framsókn fasisma í Frakklandi. Menn, sem vel fylgjast með í stjórnmálum, segja, að meirihluti stjórnarinnar sé ekki eins stór og atkvæðafjöldinn gefi hugmynd um. Þeir benda á, að auk þeirra 29 þingmanna, sem opinberlega sögðust sitja hjá, hafi aðrir hundrað, eða meira, ekki greitt atkvæði, og eru margir þeirra mjög gagnrýndir á stefnu stjórnarinnar, sem nú hefur setið í fimm vikur.

Þessi 280 atkvæði stjórnarinnar, sem eru tæpur helmingur atkvæða í þinginu (597), voru atkvæði hægfara íhaldsmanna, flestra jafnaðarmanna og Framhald á 7. síðu.

Styrkurinn til Laugardalssvæðisins:

Bjarni Ben. menntamálaráðherra leiddur til vitnis gegn Jóhanni Hafstein og Bjarna Ben. ritstjóra

MORGUNBLAÐIÐ reynir áttu sæti Sigurður Bjarnason, Benedikt Waage og Þorhlaup Jóhanns Hafstein að

blanda stjórnarmálaáróðri í 1955 flutti þáverandi ræðu sína við víslu íþróttasvæðisins í Laugardal. Jóhann hafði deilt á ríkisvaldið fyrir áhugaleysi á málinu og rökstutt það með því að það ætti „vangreiddar“ milljónum króna til svæðisins.

Menntamálaráðuneytið gaf þá út fréttatilkynningu, þar sem bent var á, að engin lagaákvæði væru til um skyldu til slíkra styrkveitinga, svo að alrangt væri að tala um skuld íþróttasjóðs ríkisins eða vanskil í þessu sambandi.

Morgunblaðið hefur oftart en einu sinni kallað þessa fréttatilkynningu „ranga“ og „ósæmilega“, án þess þó að finna þeim orðum sínum stað. Hægst er hinsvegar að leiða Bjarna Benediktsson, fyrrverandi menntamálaráðherra til vitnis um það, að efnisatriðið tilkynningarinnar eru réttar.

1951 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Björn Ólafsson, nefnd til að endurskoða íþróttalögin. Í henni legið.

Það var einmitt þetta, sem menntamálaráðuneytið benti á í fréttatilkynningu sinni, og Morgunblaðið kallar nú „rangt“ og „ósæmi-

Hannes á horninu

ÝMSAR BREYTINGAR í Reykjavík vekja athygli. Ég á ekki við nýju íbúðarhúsa-hverfin og heldur ekki við breytingar á stórstrætum eða nýjar götur. Það vekur athygli að búið er að rífa burt grindverkið með bárujárninu, sem verið hefur við stjórnarráðsblettinn að Hverfisgötu — og var alltaf ljótt, ég á við hina nýju stórbyggingu Garðars Gíslasonar og svo nýja litinn á Uppsölum, en ef til vill vita ekki margir nú orðið, að húsið á horni Aðalstrætis og Túngötu var alltaf kallað Uppsalar.

ÉG VONA að grindverkið við stjórnarráðsblettinn komi ekki aftur. Í raun og veru þyrfti að breyta umhverfinu þarna að miklum mun svo að vel fari, en framar öllu ætti að fara burt með rafmagnsstöðina við Kalkofnsveg, því að hún er stórættu leg, til skammar og til forundunar fyrir alla. Hverfisgatan breytist mikið við hið nýja stór hýsi Garðars. Liturinn á því er mjög ljós og fagurt að horfa upp á húsið af Arnarhólstúni, jafnvel þó að enn séu grindurnar við það. En húsið mun setja enn meiri svip á götuna eftir að búið verður að ganga fullkomlega frá því að utan.

ÉG VARÐ UNDRANDI í gær morgun þegar ég fór um Suðurgötu og sá alla dýrðina, sem búið er að klæða gamla húsið í við enda Túngötu. Þarna hefur það staðið í áratugi alltaf með sama lit, veðrað og ryðgað og heldur

Veitt athygli ýmsum breytingum í borginni

Stjórnarráðsbletturinn.

Stórhýsi Garðars Gíslasonar.

Uppsalar málaðir eftir vanrækslu í fjölda mörg ár.

Smekklausir blaðamenn gera Íslendingum gramt í geði.

illa til haft. Nú er það málað hátt og lágt, jafnvel yfir ryðblettina, svo að maður óttast að þeir muni grafa sig gegnum málninguna. Þetta breytir umhverfinu þarna. En hvenær verður ryðhjallurinn næsti fyrir ofan lagfærður?

ÍSBJÖRNINN er horfinn, gamla íshúsið, ég held það elzta í borginni. Viðurinn hefur verið fluttur suður í Sandgerði eftir því sem ég hef heyrt. Enn þarf

að lagfæra þarna. Við götubrúnina hefur verið skilinn eftir svartur skúr, mjög ljótur og lág kúrulegur. Eitthvað veldur því að hann skuli ekki hafa verið rifinn um leið og íshúsið sjálft.

MANNI VERÐUR nú ljósara en áður, að nauðsynlegt er að öll hús þarna fyrir ofan allt að Tjarnargötu hverfi. Þarna þyrfti að rísa stórt og veglegt gisti-hús eða annað stórhýsi, því að ekki er hægt að staðsetja rúðhúsið þar, of þröngt yrði um það. — Já, borgin tekur örum breytingum og flestar eru þær til bóta. Enn er þó eftir að gera gangstétt við Suðurgötu, en á því hef ég verið að tönglast í mörg ár. Það verður gert innan skamms og ég sætti mig við þá staðreynd, að maður getur ekki fengið allt í einu.

MÉR FINNST menn vera of hörundssárir. Sænska blaðið „Se“ hefur reitt marga Íslendinga til reiði. Vitanlega eru sum ummæli blaðsins um menn og málefni hér smekklaus, en það skrifast á reikning blaðsins. Blaðamenn við „Se“ reyna alltaf að skapa sér sérstöðu, vera öðruvísi en aðrir — og það leiðir til apakattahátta alveg eins og hjá rithöfundum og skáldum, sem halda að það sé mergurinn málsins að vera allt öðruvísi en aðrir. Það er alveg ástæðulaust fyrir okkur að láta okkur gremjast ummæli „Se“. Sænski konungurinn hefur ástæðu til þess að láta setja ofan í við þessa smekklausu landa sína.

Hannes á horninu.

Afmælissýning

Framhald á 3. síðu.

hagnýtum greinum og listum, m. a. í útskurði, bókbandi, leðurvinnu, málmsmiði, listmálun, ýmsum greinum teiknunar, smíðum, föndri og teiknun fyrir börn o. s. frv.

Með stofnun myndlistadeildar skólans (1941), sem er fastur dagskóli með 8 mán. námi á ári (allt að 30 stundir í viku), var lagður grundvöllur að æðri listnámi hérlandis. Myndlistadeildin hefur þegar fyrir löngu hlotið viðurkenningu margra ágættra og viðkunnra erlendra myndlistaskóla.

Skólinn færði enn út kvíarnar á s. l. ári með stofnun tveggja nýrra deilda, listiðnaðardeildar kvenna og kennsludeildar hagnýtrar myndlistar. Frá upphafi hafa stundað nám í skólanum nálega 4500 nemendur, en í vetur voru þar um 260 nemendur í dagdeildunum eða á kvöldnámskeiðunum. Fastir kennarar eru tveir, Sigurður Sigurðsson, yfirkennari, og Sverrir Haraldsson, en stundakennarar eru 15.

SÝNINGIN.

Blaðamönnum var í gær boðið að skoða sýninguna og voru þar viðstaddir fastakennarar skólans og formaður skólaneftdar, Lárus Sigurbjörnsson.

Þessir sýna verk sín á sýningunni, m. a.: Listmálararnir Bragi Ásgeirsson, Eiríkur Smith, Einar Baldvinsson, Guðmundur Guðmundsson (Ferro), Hafsteinn Austmann, Hrólfur Sigurðsson, Hörður Ágústsson, Jóhannes Geir, Karl Kvaran,

Kjartan Guðjónsson, Pétur Friðrik, Sverrir Haraldsson og Veturliði Gunnarsson. Myndhöggvararnir: Gerður Helgadóttir, Gestur Þorgrímsson.

Myndskerarnir: Jóhann Björnsson frá Húsavík og Sveinn Ólafsson.

Listiðnaðarkonurnar: frú Auður Sveinssdóttir Laxness, frú Ásgerður Ester Búadóttir, frú Sigrún Guðjónsdóttir, frú Sigrún Gunnlaugsdóttir, frú Sigrún Ólafsdóttir, frú Sigríður Björnsdóttir, frú Kristín Þorkeisdóttir, frú Kristín Jónsdóttir og frú Ásta Jónsdóttir.

Af nemendum skólans frá s.l. vetri sem þarna sýna, má nefna Gísla Björnsson, Flóka Nielsen, og frú Steinunni Marteinsdóttir o. fl.

Á sýningunni eru auk þess munir eftir ýmsa aðra, er stundað hafa nám á ýmsum námskeiðum skólans m. a. í bókbandi, teiknun o. fl. greinum. Ennfremur allmargt af teikningum barna.

Forsetahjónin fá gjafir frá vörusýningunum

ÞEGAR forseti Íslands og frú hans heimsóttu vörusýningar landanna þriggja í annað sinn í vikunni sem leið, færðu forsetjórar sýningardeildanna þeim ýmsar gjafir.

KRISTALVASI FRÁ TÉKKUM.

Forstöðumaður Tékkafhentja þeim hjónum mjög fallegan kristal-vasa, en eins og kunnugt er og sýningarmunirnir bera vott um, standa Tékkar framar öðrum þjóðum í framleiðslu á handslipuðum kristal-vörum.

Knattspyrna

Framhald af 4. síðu.



sérhlífinn, en umgekkst knöttinn eins og svarinn óvin.

V. útherji Fram, ungur piltur, Baldur Scheving, var bezt maður liðsins í þessum leik. Honum lét betur vit en strit. Báðir markverðirnir áttu góðan leik og björguðu oft vel. Í vörn Vals var Halldór Halldórsson ágætur, eins og fyrr segir, og hefði hans ekki notið við, hefðu úrslit orðið önnur það má fullyrða. í liði Fram átti Guðm. Guðmundsson beztan leik í vörninni.

Dómari var Þorlákur Þórðarson og fórst það vel að vanda.

Leikar standa nú svo fyrir þessi félög, að Valur hefur einn sigur, eitt tap og eitt jafntefli, eða 3 stig. Fram tvo sigra og eitt jafntefli eða 5 stig. Næst leikur Fram við Hafnfirðinga á sunnudagskvöldið.

EB



SALA -- KAUP

Höfum ávallt fyririggjandi flestar tegundir bifreiða.

Bílasalan

Hallveigarstíg 9. Sími 31038.

Dvalarheimill aldraðra sjómanna

— Minningarspjöldin fást hjá: Happraetti D. A. S. Austurstræti 1, sími 7757 — Veidarfæraverzl. Verðandi, sími 3786 — Sjómannafélagi Reykjavíkur, sími 1915 — Jónas Bergmann, Háteigsvegi 52, sími 4784 — Tóbaksbúðin Boston, Laugaveg 8, sími 3383 — Verzl. Laugateigur, Laugateig 24, sími 81666 — Ólafur Jóhannsson, Sogabletti 15, sími 3096 — Nesbúðin, Nesvegi 39.

Samúðarkort

Slysavarnafélags Íslands kaupa flestir. Fást hjá slysavarnadeildum um land allt. Í Reykjavík í Hannyrðaverzluninni í Bankastr. 6, Verzl. Gunnþórunnar Halldórsdóttur og í skrifstofu félagsins, Grófin 1. Afgreidd í síma 14897. Heitið á Slysavarnafélagið. — Það bregst ekki. —

Hafnarfjörður og nágrenni.


Hið nýja símanúmer okkar er

50888

(2 línur)

Góðir bílar. Fljót afgreiðsla.

Nýja Bílstöðin h.f.



LANDGRÆÐSLU SJÓÐUR


Leiðir allra, sem ætla að kaupa eða selja

BÍL

liggja til okkar

Bílasalan

Klapparstíg 37. Sími 19032



Original þýzkir kveikisteinar (flints) Heildsölubirgðir:

LÁRUS & GUNNAR Vitastíg 8 A. Sími 16205.

Húsnæðis-miðlunin,

Vitastíg 8 A.

Sími 16205.

Sparið auglýsingar og hlaup. Leitið til okkar, ef þér hafið húsnæði til leigu eða ef yður vantar húsnæði.

Skatta og útsvars kærur gerðar

Bíla og Fasteignasalan Vitastíg 8 A. Viðtalstími kl. 5—7 sd.

Húseigendur

Önnumst allskonar vatna- og hitalagnir.

Hitalagnir s.f.

Símar: 33712 og 12899.

KAUPUM

þrjónatuskur og vaðmálstuskur hæsta verði.

Alafoss,

Þingholtsstræti 2.